



Stuðningsþjónusta

Markmið og hlutverk með stuðningsþjónustu eru:

- Að efla viðkomandi til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.
- Stuðningsþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.
- Hluverk stuðningsþjónustu er að veita:
Aðstoð við heimilishald.
Aðstoð við persónulega umhirðu. Félagslegan stuðning, innlit, stutt viðvera
Aðstoð við umönnun barna og ungmenna þegar um erfiðar fjölskylduaðstæður er að ræða.

Þegar stuðningsþjónusta er veitt skal ávallt hafa eftirfarandi að leiðarljósi.

- Að styrkja sterkar hliðar einstaklingsins til að auka sjálfsbjargargetu, sjálfstæði og auka vellíðan.
- Að bera virðingu fyrir einkalífi, heimili einstaklings og fjölskyldu hans.
- Að virða þagnareiddinn.

Stuðningsþjónusta byggir aðallega á eftirfarandi:

- **Að veita þjónustupega samveru og stuðning.**
Auka öryggi þeirra sem búa einir og rjúfa einangrun sem hætta er á að verði þegar fólk á erfitt með að ferðast og hafa tengsl við annað fólk.
- **Almenn heimilisþrif.**
Almenn heimilisþrif er stór þáttur í heimaþjónustu. Skipulag og verkefni þarf að skoða í upphafi aðstoðar sem endurskoða þarf reglulega.

Með almennum heimilisþrifum er átt við:

Ryksuga og skúra gólf.

Þrif á baðherbergjum. Þ.e.a.s. vask, klósett, bað/sturtu og veggjum þar í kring.

Þrifa vaskaskáp (ruslaskáp) ísskáp og í kringum eldavél.

Afþurkun þar sem þjónustuþegi getur ekki sjálfur komið því við.

Takmörkun herbergisfjölda.

Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþega, þar sem t.d. unglingar eða aðrir einstaklingar eru á heimili er ekki þrifið í þeirra herbergjum.

Gardínur og gluggar.

Aðstoð er veitt við þvott á léttari gardínum, s.s. fyrir eldhús- og baðherbergisgluggum.

Þvottur.

Aðstoð skal veitt við þvott í vél og frágang eftir þörfum hvers og eins.

Eldhúsverk.

Matseld og uppvaske telst ekki hluti af heimilishjálpi nema sérstaklega sé um það samið.

Innkaup og útréttingar.

Starfsfólki heimabjónustu er óheimilt að aka þjónustuþegum nema um það sé sérstaklega samið.

Komi til þess gerir starfsmaður það á eigin ábyrgð og eiganda ökutækisins.

Innlit og yfirseta. Með innliti og yfirsetu er átt við að fólk líti við hjá þjónustuþega í stuttan tíma í einu en getur verið oftar en einu sinni í viku. Þetta kemur í veg fyrir einangrun fólks og tryggir öryggi þjónustuþega.

Hvernig er sótt um félagslega heimabjónustu?

Sækja þarf skriflega um félagslega heimabjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá Velferðarþjónustu Árneshings eða heimasíðu hennar: www.arnething.is. Í framhaldi af því er umsækjandi

heimsóttur og gert er þjónustumat þar sem haft er að leiðarljósi geta, færni og aðstæður umsækjenda.

Endurmat.

Í upphafi er heimaþjónusta veitt í 3 mánuði, eftir það er gert endurmat. Þegar ljóst er að aðstæður munu ekki breytast er heimilt að samþykkja aðstoð í allt að 24 mánuði í senn. Aðstoðarþörf skal endurmetin reglulega.

Gjaldtaka.

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu er ákveðin af hverri sveitarstjórn fyrir sig, gjaldið er tekjutengt, þar sem á annað borð gjald er tekið fyrir þjónustuna.

Allir þeir sem vinna við félagslega heimaþjónustu undirrita drengskaparheit um þagnaskyldu.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna hefur þrjár starfsstöðvar:

Uppsveitir Árneshöfn og

Flóa

Laugarási

801 Selfoss

480-1180

Sveitafélagið Ölfus

Egilsbraut 9

815 Þorlákshöfn

483-3614

Hveragerðisbær

Breiðumörk 20

810 Hveragerði

483-4000

Forstöðumaður :

María Kristjánsdóttir

maria@hveragerdi.is

Umsjónarmenn heimaþjónustu: Sigrún Símonardóttir, uppsveitum og Flóa , sigrun@laugaras.is. Ásrún Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus Rannveig Reynisdóttir, Hveragerðisbæ.